

022/01 - Guðrún Björg BA 31 - Hrund BA 87

Guðrún Björg BA-31 og Hrund BA-87, árekstur í Patreksfjarðarhöfn

Guðrún Björg BA 31

Skipaskr.nr.: 0462

Smíðaður: Danmörku 1955 Eik

Stærð: 69,81 brl; 65,00 bt

Lengd: 23,51 m **Breidd:** 5,83 m **Dýpt:** 2,80 m

Vél: Caterpillar 313,00 kW **Ágerð:** 1970

Annað:

Földi skipverja:

Hrund BA 87

Skipaskr.nr.: 7403

Smíðaður: Hafnarfirði 1995 Plast

Stærð: 7,48 brl; 5,94 bt

Lengd: 9,02 m **Breidd:** 2,69 m **Dýpt:** 1,75 m

Vél: Perkins 123,00 kW **Ágerð:** 1995

Annað:

Fjöldi skipverja:

Atvikalýsing

Hinn 1. apríl 2000 var m.b. Hrund BA-87 við bryggju á Patreksfirði undir löndunarkran með stb.-síðu að.

M.b. Guðrúnu Björgu BA-31 var siglt inn í höfnina og var siglt á hægri ferð. Þegar skipstjóri hugðist beita vélinni aftur á bak var eins og vélín hálf kæfði á sér en snertist rólega. Nægði það ekki til að stöðva framskrið bátsins og lenti hann á skut m.b. Hrundar BA-87 sem var við bryggjuna.

Skemmdir urðu á gafli m.b. Hrundar BA-87.

Við rannsókn kom fram

- að sögn skipstjóra var orsök þess að vélín skilaði ekki nægjanlegu afli að hún dró Afalskt loft@ með biluðum þéttihring á olíusíu;
- að nokkru áður en árekstur varð stöðvaðist aðalvélín í róðri. Var vélín gangsett að nýju eftir að hert var að forsíu eldsneytis. Stöðvaðist vélín aftur og var þá skipt yfir á aðra síu og þá gekk allt eðlilega að því er virtist.

Nefndarálit

Nefndin telur að orsök atviksins megi rekja til ófullnægjandi viðhalds eða viðgerðar. Þá hafi frágangur á síum á eldsneytislögn að vélinni verið ófullnægjandi.